

21

26. febr.

L Ö G

um heimild til að selja Stagley.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Heimilt er ríkisstjórninni að selja Flateyjarhreppi Stagley á Breiðafirði. Óski Flateyjarhreppur að selja eyjuna síðar, hefur ríkissjóður forkaupsrétt að henni með sama verði og hreppurinn keypti hana fyrir.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

22

26. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð á Hornafirði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar á Hornafirði veitist úr ríkissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 200000.00 — tvö hundruð þúsund kr. — gegn $\frac{3}{5}$ úr hafnarsjóði Hafnarkauptúns. Með kostnaði við hafnargerð teljast nauðsynlegar dýpkanir á höfninni og innsiglingaleiðinni.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 300000.00 — þrjú hundruð þúsund kr. — lán, er hafnarsjóður Hafnarkauptúns kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð Nesjahrepps og sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirmumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.